



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Reykjavík 2. ágúst 2017
VEL2017060015

Borgarráð
Ráðhús Reykjavíkur
Tjarnargata 11
101 Reykjavík

Svar við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokks og Framsóknar og flugvallarvina vegna íbúðarkjarna í Rangárseli – R15050131

Á fundi borgarráðs þann 15. maí 2017, lögðu borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokks og Framsóknar og flugvallarvina fram fyrirspurn vegna íbúðarkjarna í Rangárseli.

Hjálagt fylgir svar dags. 3. ágúst 2017 frá skrifstofustjóra skrifstofu framkvæmdar þjónustu á velferðarsviði ásamt fylgigögnum.

Virðingarfyllst,

Regína Ásvaldsdóttir

sviðsstjóri



Starfsstaður: Skrifstofa framkvæmdar þjónustu
Vinnsla: Aðalbjörg Traustadóttir
Ábyrgðarmaður: Aðalbjörg Traustadóttir
Dags. 2. ágúst 2017
GoPro nr. VEL2017060015

Minnisblað

Efni: Svar við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokks og Framsóknar og flugvallarvina þann 15.5.2017 vegna íbúðarkjarna í Rangárseli - R15050131

Forsaga:

Á fundi borgarráðs þann 15. maí 2017 lögðu borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokks og Framsóknar og flugvallarvina fram svohljóðandi fyrirspurn:

Um árabíl var starfræktur íbúðakjarni fyrir fatlað fólk að Rangárseli 16-20 í góðri sátt við íbúa hverfisins. Á árunum 2015-16 urðu breytingar á samsetningu íbúahópsins sem valdið hafa áhyggjum og jafnvel ótta meðal íbúa í hverfinu. Í svari velferðarsviðs Reykjavíkurborgar við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokks og Framsóknar og flugvallarvina um málið, dags. 4. apríl sl., kemur fram að um sé að ræða tímabundna lausn meðan unnið sé að framtíðaruppbyggingu styrktrar búsetu annars staðar í borginni. Í svarinu er einnig fullyrt að sátt hafi náðst um málið við íbúa í nágrenni Rangársels. Þá segir að styrkta búsetan í Rangárseli verði með þeim hætti að fyllsta öryggis verði gætt í þjónustu og stuðningi við tvo íbúa þar og að ekki sé gert ráð fyrir að umhverfinu geti staðið ógn af þeim. Óskað er eftir upplýsingum um hvort velferðarsvið sjái ástæðu til að endurskoða þetta mat sitt í ljósi atburðar sem varð í Rangárseli í vikunni samkvæmt fréttum þegar sérsveit ríkislögreglustjóra var kölluð út til að fjarlægja mann þar. Einnig er óskað eftir upplýsingum um hvenær áætlað sé að áðurnefndri framtíðaruppbyggingu styrktrar búsetu í borginni ljúki og sú aðstaða leysi hina tímabundnu lausn í Rangárseli af hólmi.

Greinargerð:

Reykjavíkurborg hefur rekið íbúðakjarna fyrir fatlað fólk í Rangárseli 16-20 um árabíl sem hefur gengið vel. Framan af átti Brynja hússjóður Öryrkjabandalagsins húsnæðið en Reykjavíkurborg leigði þar aðstöðu fyrir starfsfólk sem sinnti íbúum í húsinu. Árið 2014 ákvað Brynja hússjóður Öryrkjabandalagsins að selja umrætt húsnæði og sagði upp leigjendum sínum. Þeim var boðið annað húsnæði ymist á vegum Brynju hússjóðs eða sveitarfélaga.

Í ljósi þess að húsnæðið að Rangárseli 16-20 hentar vel fyrir starfsemi íbúðakjarna og þarna hefur ríkt friður um starfsemina þá var ákveðið að Félagsbústaðir hf. myndu kaupa húsið og

Reykjavíkurborg reka þar áfram íbúðakjarna en með breyttum notendahópi. Upphaflega var gert ráð fyrir að þarna flytti inn ungt fatlað fólk með samþætta fötlun, s.s. þroskahömlun, einhverfu og frávik í hegðun. Sú ákvörðun var endurskoðuð m.a. í ljósi mótmæla frá nágrönnum og var ákveðið að fatlaðir íbúar á sambýlinu að Sæbraut á Seltjarnarnesi fengju tilboð um flutning í Rangársel en það var mat sérfræðinga hjá Reykjavíkurborg sem sáu um þjónustu við íbúa á Sæbraut frá yfirfærslu um málefni fatlaðra frá ríki til Reykjavíkurborgar að húsnæði þar hentaði illa þörfum þeirra sem bjuggu þar.

Haustið 2016 eftir rúmlega árs vinnu samvinnuhóps um öryggisvistun, skipaðan af þáverandi ráðherra félags- og húsnæðismála, Eyglóu Harðardóttur¹, var ákveðið að ráðast í uppbyggingu á öryggisvistun enda um brýna þörf til margra ára að ræða. Óskað var eftir að Reykjavíkurborg tæki að sér uppbyggingu og rekstur öryggisvistunarinnar sbr. bréf velferðarráðuneytis til velferðarsviðs dagsett 13. október 2016². Í bréfinu er m.a. að finna upplýsingar um afgreiðslu Ríkisstjórnarinnar á minnisblaði Sigurðar Inga Jóhannssonar, þáverandi forsætisráðherra, Eyglóar Harðardóttur, þáverandi félags- og húsnæðismálaráðherra, Ólafar Nordal, þáverandi innanríkisráðherra og Bjarna Benediktssonar, þáverandi fjármála og efnahagsráðherra. Í afgreiðslu Ríkisstjórnarinnar er m.a. gert ráð fyrir uppbyggingu nýs öryggisíbúðakjarna sem fjármagnaður yrði með stofnframlögum ríkisins samkvæmt lögum um almennar íbúðir nr. 52/2016 auk sérstakra framlaga ríkissjóðs til verkefnisins.

Í kjölfarið fóru stjórnendur á velferðarsviði að huga að mögulegri staðsetningu nýs öryggisíbúðakjarna í samvinnu við skrifstofu eigna og atvinnuþróunar og umhverfis og skipulagssvið. Fyrir valinu varð lóð við Stjörnugróf sem þótti henta afar vel. Unnin var skipulagslýsing vegna lóðarinnar og lögð fram á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 9. nóvember 2016 þar sem hún var samþykkt til kynningar og umsagnar. Verið er að vinna að deiliskipulagsbreytingu sem á eftir að fara í gegnum samþykktarferli í umhverfis- og skipulagsráði og borgarráði. Verði deiliskipulagsbreytingin samþykkt fer hún í formlegt auglýsingaferli þar sem öllum hagsmunaaðilum gefst kostur á að koma formlegum athugasemdum og ábendingum á framfæri.

Á sama tíma og verið var að vinna að framtíðarlausn fyrir öryggisvistun lá fyrir að veita þyrfti tveimur fötluðum einstaklingum sérstaka öryggisvistun strax. Leitað var að hentugu húsnæði til bráðabirgða fyrir þessa einstaklinga bæði af hálfu ríkis og Reykjavíkurborgar en ekki fannst hentugt húsnæði sem var laust. Ákveðið var því að nýta tvær lausar íbúðir á neðri hæð Rangársels til bráðabirgða enda sýnt að þær gætu hentað vel til öryggisvistunar. Báðar íbúðir voru 2ja herbergja með sérinngangi og milli þeirra gangur sem nýttist sem starfsmannaaðstaða.

Í kjölfar samnings milli ríkis og Reykjavíkurborgar, dagsettan 3. febrúar 2017³ var ráðist í aðrar nauðsynlegar breytingar á íbúðunum til að uppfylla öryggiskröfur. Ráðinn var forstöðumaður og starfsmannahópur til að sinna þjónustu við einstaklingana. Nágrannar gerðu fljótlega athugasemdir við þær breytingar sem áttu sér stað og var haldinn fundur með fulltrúum nágranna vegna málsins. Ljóst var að hluti nágranna var ekki sáttur en þar sem um bráðabirgðaráðstöfun var að ræða og þörfin mjög brýn var ákveðið að halda áfram með breytingar enda lágu þá tilskilin leyfi fyrir.

¹ Skipunarbréf samvinnuhóps um öryggisvistun, dagsett 22. júní 2015

² Bréf velferðarráðuneytis varðandi fjármögnun öryggisvistunar fyrir tilgreinda hópa, dagsett 13. október 2016

³ Samningur um öryggisvistun á vegum velferðarsviðs Reykjavíkurborgar og þjónustu við einstaklinga með fjölþætta og sértæka stuðningsþörf, dagsettur 3. febrúar 2017

Í byrjun maí flutti annar tveggja íbúa öryggisvistunar í Rangársel og fór starfsemin afar vel af stað og óhætt að fullyrða að ekki sköpuðust óþægindi fyrir nágretta vegna búsetu hans í Rangárseli utan að sérsveit ríkislögreglustjóra var kölluð á vettvang í tvígang vegna bilunar í öryggiskerfi. Um miðjan júní komu hinsvegar upp tvö atvik sem gerðu það að verkum að sérsveit ríkislögreglustjóra var kölluð á vettvang vegna raunverulegra aðstæðna og umræddur íbúi var fluttur í fangaklefa. Viku síðar var hann úrskurðaður í gæsluvarðhald til 9. ágúst nk.

Í ljósi þeirrar reynslu sem fengist hefur síðustu mánuði hefur velferðarsvið ákveðið að ekki verði nema einn íbúi í öryggisvistun í Rangárseli og því mikilvægt að hugað verði að nýrri bráðalausn fyrir aðra einstaklinga með lögheimili í Reykjavík sem bíða sambærilegrar vistunar.

Fyrir liggur að brýn þörf er á öryggisvistun í Reykjavík og sú þörf fer vaxandi. Þess má geta að Vinakot sinnir nú á grundvelli samninga við velferðarsvið vistun tveggja ungmenna. Önnur vistunin er á grundvelli barnaverndarlaga og hin á grundvelli laga um málefni fatlaðs fólks. Þessi ungmenni eru metin hættuleg sjálfum sér og/eða öðrum og þurfa bæði aðstoð 2ja – 3ja starfsmanna allan sólarhringinn. Það er því mikilvægt að haldið verði þétt utan um byggingaframkvæmdir vegna sérhæfðs öryggisvistunarkjarna sem gert er ráð fyrir að risi í Stjórnugróf ef deiliskipulagsbreyting verður samþykkt í umhverfis- og skipulagsráði og borgarráði.

Tekið skal fram að um árábil hefur verið rekin öryggisvistun á Akureyri með afar góðum árangri. Sú starfsemi fer fram í íbúðahverfi enda gera lög ráð fyrir að heimili fyrir fatlað fólk skuli vera í almennri íbúabygging.

Gert er ráð fyrir að bygging öryggisvistunarkjarnans muni taka 18 mánuði og geti hafist strax og tilskilin leyfi liggja fyrir.

Samantekt/niðurstaða:

Fyrir liggur brýn þörf á uppbyggingu öryggisvistunar í Reykjavík eða nágrenni fyrir fatlað fólk sem metið hefur verið ósakhæft og/eða sakhæft en refsing ekki talin bera árangur. Í bréfi velferðarráðuneytis til velferðarsviðs dagsettu þann 13. október 2016 er gert ráð fyrir uppbyggingu nýs öryggisíbúðakjarna sem fjármagnaður verður með stofnframlögum ríkisins skv. lögum um almennar íbúðir nr. 52/2016 auk sérstakra framlaga ríkissjóðs til verkefnisins. Samkvæmt lögum um málefni fatlaðs fólks nr. 1992/59 skulu húsnæðisúrræði fyrir fatlað fólk vera í íbúðarbyggð og staðsett nærri almennri og opinberri þjónustu sé þess nokkur kostur.



Aðalbjörg Traustadóttir
skrifstofustjóri

LJÓSRIT



SKJALAVER
HÖFDATEGGI

24. JÚNÍ 2015

Málsnr.: VEL2015-06-0044

Bréfatykill: 4.10

Stefán Eiríksson
Vallarbraut 12
170 Seltjarnarnesi

VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

Hafnarhúsinu við Tryggvagötu 101 Reykjavík
sími: 545 8100 bréfasími: 551 9165
postur@vel.is velferdarraduneyti.is

Reykjavík 22. júní 2015
Tilv.: VEL15051623/03.04.01

Efni: Skipunarbréf.

Félags- og húsnæðismálaráðherra hefur ákveðið að skipa samvinnuhóp vegna þeirra sem þurfa sérstaka öryggisvistun á Íslandi.

Hlutverk hópsins er að tryggja að þjónusta og skipulag samstarfs ríkis og sveitarfélaga við einstaklinga sem þurfa á öryggisvistun að halda sé í samræmi við lög, alþjóðlegar mannréttindaskuldbindingar og alþjóðleg viðurkennd gæðaviðmið.

Þessu markmiði skal meðal annars náð með því að;

- stofna til samvinnuhóps um rekstur og skipan öryggisúræða fyrir tilgreinda hópa.
- velferðarráðuneytið móti í samvinnu við innanríkisráðuneytið og aðra hagsmunaaðila skýra stefnu og verklag til næstu 5 ára um framkvæmd öryggisúræða fyrir sérstaklega tilgreinda hópa.
- tryggja að þeir einstaklingar sem eru í brýnni þörf fyrir öryggisúræði fái úrlausn í samræmi við þjónustupörf eins fljótt og verða má.

Samvinnuhópur um sérstaka öryggisvistun fyrir tilgreinda hópa er þannig skipaður:

Þór G. Þórarinnsson, án tilnefningar, formaður
Bryndís Gunnlaugsdóttir, tiln. af Sambandi íslenskra sveitarfélaga
Leifur Bárðarson, án tilnefningar
Rún Knútsdóttir, án tilnefningar
Skúli Þór Gunnsteinsson, tiln. af innanríkisráðuneytinu
Soffía Lárusdóttir, tiln. af Akureyrarbæ
Stefán Eiríksson, tiln. af Reykjavíkurborg.

Samkvæmt framansögðu ert þú hér með skipaður í samvinnuhópinn. Gert er ráð fyrir að hópurinn ljúki vinnu sinni fyrir 1. júní 2016. Ekki verður greitt sérstaklega fyrir setu í hópnum af hálfu ráðuneytisins.

Eygló Harðardóttir
félags- og húsnæðismálaráðherra

Bolli Þór Bollason
staðgengill ráðuneytisstjóra



Velferðarsvið Reykjavíkur
Stefán Eiríksson
Borgartún 12 - 14
105 Reykjavík

VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

Hafnarhúsinu við Tryggvagötu 101 Reykjavík
sími: 545 8100 bréfasími: 551 9165
postur@vel.is velferðarraduneyti.is

Reykjavík 13. október 2016
Tilv.: VEL15051623/03.04.01

Efni: Fjármögnun öryggisvistar fyrir tilgreinda hópa.

Velferðarráðuneytið vísar til fundar með fulltrúum velferðarsviðs Reykjavíkuborgar þ. 10. október síðastliðinn þar sem til umfjöllunar voru málefni þeirra sem þurfa á öryggisgæslu eða öryggisvistun að halda. Á fundinum upplýstu fulltrúar ráðuneytisins um afgreiðslu Ríkisstjórnar Íslands á minnisblaði forsætis-, félags- og húsnæðismála-, innanríkis-, og fjármála og efnahagsmálaráðherra dags. 4. október síðastliðinn.


Afgreiðsla Ríkisstjórnar felur í sér eftirfarandi:

1. Í fjárukalögum sem lögð verða fram í árslok 2016 verður greidd upp skuld við Reykjavíkurborg vegna þjónustu við tvo einstaklinga sem tilgreindir hafa verið í skýrslu nefndar félags- og húsnæðismálaráðherra um öryggisgæslu og öryggisráðstafanir á Íslandi.
2. Mögulegur einskjaskilgjafi vegna undirbúnings og uppbyggingu sérútbúinna vistunarúrræða í Reykjavík verði greiddar af sérstakri fjárveitingu á fjárlögum ársins 2017.
3. Tryggt verður fjármagn til þess að greiða þann viðbótarkostnað sem hlýst af öryggisvistun og öryggisgæslu fimm einstaklinga á árinu 2017 sem tilgreindir hafa verið í fyrrnefndri skýrslu nefndar félags- og húsnæðismálaráðherra til viðbótar þeim tveim sem fá þjónustu á árinu 2016.
4. Fjármögnun þjónustu við þá sem þurfa sérstaka öryggisgæslu og öryggisvistun og fengið hafa rýmkunardóma er tryggð samkvæmt nánara samkomulagi við Reykjavíkurborg.
5. Gert er ráð fyrir uppbyggingu nýs öryggisbúðakjarna sem fjármagnaður verður með stofnframlögum ríkisins skv. lögum um almennar íbúðir nr. 52/2016, auk sérstakra framlaga ríkissjóðs til verkefnisins.

Í ljósi þess sem að framan greinir fer ráðuneytið þess á leit við Velferðarsvið Reykjavíkuborgar að hún komi til viðræðna um það hvernig best verði staðið að uppbyggingu væntanlegra öryggisgæslu og öryggisvistarúrræða í Reykjavík og hvernig rekstri þeirra verði háttáð til skemmri og lengri tíma.

Fyrir hönd félags- og húsnæðismálaráðherra


Þórhildur Bollason


Þór G. Þórarinnsson

Velferðarráðuneytið, kt. 601210-1340, annars vegar og Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, hins vegar gera með sér svofelldan samning.

Samningur um öryggisvistun á vegum velferðarsviðs Reykjavíkurborgar og þjónustu við einstaklinga með fjölpættu og sértæka stuðningsþörf

1. gr.

Markmið, umgjörð og ábyrgð

Með samningi þessum tekur Reykjavíkurborg að sér, fyrir hönd velferðarráðuneytisins, að starfrækja stofnun til að veita þjónustu við einstaklinga með fjölpættu stuðningsþörf og þurfa af þeim sökum að sæta öryggisvistun. Fyrir hönd Reykjavíkurborgar er velferðarsvið þjónustusali (hér eftir nefnt rekstraraðili) en velferðarráðuneytið telst ábyrgðaraðili og þjónustukaupi (hér eftir nefnt ráðuneytið).

Meginmarkmið samningsins er að tryggja að þeir sem þurfa á öryggisvistun að halda á hverjum tíma fái hana ásamt þjónustu í samræmi við gildandi lög og reglur og þá alþjóðsamninga sem Ísland er aðili að.

2. gr.

Verkefni velferðarráðuneytisins

Með samningi þessum tekur ráðuneytið að sér að tryggja að:

- Fullnægjandi fjármagn fái til þess að standa undir þeirri öryggisvistun sem nauðsynleg þykir samkvæmt samningi þessum og kröfulýsingu verkefnisins.
- Hlutaðeigandi einstaklingar fái að mati samningsaðila þá lækni- og hjúkrunarmeðferð og aðra þjónustu á vegum ríkisins sem á hverjum tíma er talin geta komið að gagni til þess að draga úr þörf fyrir öryggisvistun.
- Rekstraraðili og starfsmenn hans hafi nauðsynlegar valdheimildir og úrræði til þess að sinna öryggisvistun.

3. gr.

Verkefni Reykjavíkurborgar

Með samningi þessum tekur rekstraraðili að sér að:

- Starfrækja öryggisvistun fyrir þrjá einstaklinga.
- Starfrækja þjónustu við tvo einstaklinga sem hafa fengið rýmkunardóma.



- Sjá til þess, í samræmi við það sem nánar er kveðið á um í samningi þessum, að þeir einstaklingar sem um ræðir valdi ekki sjálfum sér eða öðrum skaða.
- Veita einstaklingum í öryggisvistum þá viðbótarþjónustu sem nauðsynleg er og þeir eiga lögbundinn rétt á til að fá lífað sem eðlilegustu lífi innan þess ramma sem nauðsynlegur er vegna öryggisvistunarinnar.

4. gr.

Mat á þörf fyrir öryggisvistun

Við mat á þörf fyrir öryggisvistun skal fylgt leiðbeiningum ráðuneytisins þar sem m.a. er lýst verklagi um þrjúþætt mat. Um er að ræða almennt félagsþjónustumat, SIS-mat og HCR20-mat eða mat samkvæmt öðrum gagnreyndum matskerfum sem talin eru henta í hverju tilviki. Nánar verður kveðið á um þessi atriði í fylgiskjali með samningi aðila fyrir árið 2017.

Ráðuneytið ber ábyrgð á því að eigi sjaldnar en á 12 mánaða fresti fari fram mat á þörf hlutaðeigandi einstaklinga fyrir áframhaldandi öryggisvistun. Niðurstaða matsins skal liggja fyrir a.m.k. sex mánuðum áður en fyrrgreindur frestur rennur út. Matið skal liggja til grundvallar ákvörðun um áframhaldandi öryggisvistun eða ákvörðun um að viðkomandi einstaklingur þurfi ekki lengur á öryggisvistun að halda, heldur geti nýtt sér búsetuúrræði á vegum sveitarfélags síns. Niðurstaða matsins skal liggja fyrir eigi síðar en 30 dögum eftir að mat fer fram og vera kynnt stjórnendum öryggisvistunarinnar.

5. gr.

Innihald og framkvæmd

Samningsaðilar eru sammála um að við framkvæmd þjónustunnar sé byggt á hugmyndum og aðferðum sem stuðla að auknum þroska og bata (*Personal Recovery Framework*). Frekari lýsingu verður að finna í fylgiskjali með samningi aðila fyrir árið 2017. Auk þessa samnings er gert ráð fyrir því að á árinu 2017 verði gerðir sérstakir samningar varðandi hvern og einn einstakling. Í þeim samningum verði að finna nánari lýsingar á inntaki og skipulagi þeirrar öryggisvistunar og þjónustu sem veitt er, bæði til bráðabirgða og til lengri tíma. Þjónustan skal alltaf vera á grundvelli þeirrar stuðningsþarfar sem samningsaðilar hafa skilgreint þrátt fyrir þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru í þágu öryggissjónarmiða, sbr. 1. gr. samnings þessa.

6. gr.

Öryggisvistun

Öryggisvistun rekstraraðila felur í sér að aðstæður viðkomandi einstaklinga, innan eða utan veggja öryggisvistunarinnar, skulu ávallt vera með þeim hætti að fyllsta öryggis sé gætt í návist

þeirra. Nánari upplýsingar um viðmið varðandi þjónustu við einstaklinga í öryggisvistun verður að finna í sérstakri kröfuflytingu sem unnið er að á vegum velferðarráðuneytisins og verður tilbúin í mars 2017.

7. gr.

Stofnkostnaður til að tryggja öryggi

Kostnaður sem til fellur vegna sérstakra aðgerða sem ráðast þarf í til þess að tryggja öryggi þeirra einstaklinga sem samningurinn tekur til, og starfsmanna eða annarra sem að þjónustunni koma, verður skilgreindur sérstaklega í samningi sem rekstraraðili og þjónustukaupi gera fyrir 1. mars 2017. Sérstaklega mun verða fjallað um fyrirkomulag stofnkostnaðar í fylgiskjali í samningnum fyrir árið 2017.

8. gr.

Stýrihópur

Rekstraraðili skal eigi sjaldnar en á fjögurra vikna fresti sjá til þess að haldnir verði upplýsinga-, meðferðar- og þjónustufundir með öllum þeim starfsmönnum sem starfa á öryggisvistuninni. Forstöðumaður starfseminnar skal hafa fagmenntun sem nýtist í starfi og reynslu af þeim verkefnum sem skilgreind eru í samningi þessum. Auk þess skal starfsmaður með fagmenntun og reynslu alltaf vera til staðar á vökutíma.

Rekstraraðili starfrækir sérstakt einstaklingsteymi fyrir hvern einstakling og skal skipa teyminu sérstakan teymisstjóra sem hefur umsjón með allri umsýslu og framkvæmd vistunar og þjónustu við viðkomandi einstakling. Einstaklingsteymin njóta reglubundinnar ráðgjafar frá geðsviði Landspítala (LSH) og er sérstaklega gerð grein fyrir aðkomu sviðsins í einstaklingsbundnum samningum. Nánar er kveðið á um hlutverk teymisins og verkefni í fylgiskjali í samningum sem gerðir verða vegna ársins 2017.

Sérstakur stýrihópur skal vera yfir þeim rekstri og þeirri þjónustu sem skilgreind er í samningi þessum. Stýrihópurinn skal skipaður fulltrúum samningsaðila og framkvæmdastjóra þjónustumiðstöðvar Laugardals og Háaleitis og fulltrúa geðsviðs LSH. Rekstraraðili gerir sérstakt samkomulag (verður í sérstöku fylgiskjali með samningi vegna samkomulags rekstraraðila og þjónustukaupa fyrir árið 2017) við geðsvið LSH um hvernig ráðgjöf, handleiðslu og stuðningi skuli vera háttað vegna sértækrar heilbrigðisþjónustu vegna þeirra einstaklinga sem tilgreindir eru í samningi þessum. Öll atvik, sem upp kunna að koma og tengjast öryggisatriðum, áreitni, slysum og öðru sem máli skiptir, skulu skráð á þar til gerð atvikaskráningareyðublöð. Nánar verður kveðið á um þessi atriði í fylgiskjali í samningi fyrir árið 2017.

9. gr.
Trúnaður og þagnarskylda

Rekstraraðili skal virða þagnarskyldu varðandi upplýsingar um persónulega hagi einstaklings og aðstandenda hans, sbr. 54. gr. laga um málefni fatlaðs fólks, nr. 59/1992, og 60. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, og helst sú þagnarskylda starfsmanna þótt þeir láti af störfum. Rekstraraðili skal sjá til þess að gerðir séu skriflegir samningar við alla starfsmenn og skulu þeir undirrita sams konar skuldbindingu um þagnarskyldu.

10. gr.
Samráð og eftirlit

Rekstraraðili ábyrgist að veitt félagsþjónusta sé í samræmi við lög nr. 40/1991 og lög nr. 59/1992 eins og við getur átt þegar um er að ræða öryggisvistun eins og hún er skilgreind í samningi þessum.

Ráðuneytið mun sjá til þess að rekstraraðila sé veittur faglegur stuðningur til þess að leysa það hlutverk sem hann á að sinna á grundvelli samnings þessa. Í því felst ráðgjöf viðeigandi sérfræðinga, svo sem sálfræðinga, geðlækna, sérfræðinga á sviði málefna fatlaðs fólks og annarra þeirra fagaðila sem talin er þörf á að mati teymisins. Einstaklingar í öryggisvistun skulu hafa lögráðamenn og/eða persónulega talsmenn og starfa þeir samkvæmt lögum þar um.

Ráðuneytið (eða stofnun á þess vegum) hefur eftirlit með starfsemi öryggisvistunarinnar, m.a. með reglulegum eða ótímasettum heimsóknum. Nánar verður kveðið á um þessi atriði í fylgiskjali með samningi aðila fyrir árið 2017.

11. gr.
Bókhald og ársreikningar

Bókhald vegna reksturs öryggisvistunarinnar skal vera í samræmi við lög og reglur þar að lútandi, sbr. lög nr. 3/2006, um ársreikninga. Rekstraraðili skal senda ráðuneytinu ársreikning vegna starfseminnar.

12. gr.
Framvinduskýrsla

Rekstraraðili skal skrifa skýrslu vegna starfsemi ársins og senda ráðuneytinu eigi síðar en 1. mars 2017. Nánar verður kveðið á um efnisatriði skýrslunnar í fylgiskjali með samningi aðila fyrir árið 2017.



13. gr.
Greiðslur

Velferðarráðuneytið greiðir rekstraraðila 63,780 milljónir króna fyrir árið 2016 vegna rekstrar þeirra úrræða sem skilgreind eru í samningi þessum. Sjá nánar í fylgiskjali 1 með samningnum. Nánar verður kveðið á um greiðslur vegna stofnkostnaðar í samningi sem gerður verður vegna ársins 2017, sbr. 7. gr.

Framangreind framlög miðast við að rekstraraðili beri fulla fjárhagslega ábyrgð á öllum rekstri sínum, þ.m.t. greiðslu launa, lífeyrisskuldbindinga vegna starfsmanna sinna, starfstengdum kostnaði, svo sem launum staðgengla vegna veikinda, námsleyfa og námskostnaðar.

13. gr.
Uppsagnarákvæði og endurskoðun

Komi til ófyrirséðra breytinga sem, að mati annars eða beggja samningsaðila, raska forsendum samnings þessa, sbr. 1. gr., getur hvor aðili um sig óskað endurskoðunar eða uppsagnar samnings. Komi til uppsagnar samnings þessa skal uppsagnarfrestur vera þrjú mánuðir og skal uppsögn hafa borist gagnaðila í síðasta lagi sjö dögum fyrir þau mánaðamót þegar uppsögn á að taka gildi.

Ef um verulegar vanefndir verður að ræða á samningsskyldum hvors aðila um sig getur hinn rift samningi fyrirvaralaust. Til verulegra vanefnda telst það t.d. ef öryggisvistun einstaklingsins er ekki í samræmi við kröfur ráðuneytisins og eins ef rekstraraðili brýtur, eða er sakaður um að brjóta, ákvæði almennra laga. Þá telst það til verulegra vanefnda ef greiðslur til rekstraraðila eru ekki inntar af hendi í samræmi við 12. gr. þessa samnings.

14. gr.
Gildistími

Samningur þessi gildir fyrir árið 2016.

15. gr.
Framtíðarskipan öryggisvistunar

Samningsaðilar vinna nú að gerð samkomulags um fyrirkomulag öryggisvistana fyrir árið 2017 og nánar um hvernig framtíðarskipan þeirra verði háttað. Sú vinna byggist á tillögum Öryggissamvinnunefndar frá júní 2016. Skýrsla öryggissamvinnunefndar er fylgiskjal 2 með samningi þessum.


16. gr.
Ágreiningur

Rísi ágreiningur út af samningi þessum eða framkvæmd hans skal reka mál þar um fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur takist ekki að leiða hann til lykta með öðrum hætti.


17. gr.
Samningur þessi er gerður skv. 30. gr. laga um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, í fjórum (4) samhljóða eintökum.

Reykjavík, 3. febrúar 2017

F.h. velferðarráðuneytisins



F.h. Reykjavíkurborgar



Fylgiskjöl.

1. Fjárhagslegar forsendur samnings.
2. Lokaskýrsla Öryggissamvinnunefndar frá júní 2016.

Kostnaður PLH vegna verkefnis tengdri öryggisbúsetu Júní – desember 2016

Kostnaðarpáttur	Upphæð
Launakostnaður í jún. – júl. 419 klst.	1.440.000
Ráðin inn 3 stg. ág. - des. 2016	10.200.000
Aðkeypt sérfræðiþjónusta	226.000
Þjálfunar- og fræðsluferð til Akureyrar	260.825
Sjálfsvarnarnámskeið	50.000
Annar kostnaður 5%	510.000
SAMTALS JÚN - DES 2016	12.686.825

Meðfylgjandi kostnaðargreining byggir á útlögðum kostnaði PLH vegna uppbyggingar öryggisbúsetu fyrir tímabilið júní – desember 2016.

Í júní og júlí var mikil vinna lögð í ráðningar og undirbúning auk samstarfs við Fangelsismálastofnun og LSH. Gert er ráð fyrir 160 klst. sérfræðings vegna þessarar vinnu sem fólst í ráðningum, viðtölum, málstjórn o.fl. Auk þess eru 259 klst. tímavinna starfsmanna sem sinntu viðkomandi notanda.

Fyrir tímabilið ágúst til desember eru starfandi 3 stg. í verkefninu.

Aðkeypt sérfræðiþjónusta er kostnaður vegna viðveru, fræðslu og handleiðslu fangavarða / Fangelsismálastofnunar.

Starfsmenn í verkefninu kynntu sér fyrirkomulag, uppbyggingu og rekstur öryggisbúsetu og styrktrar búsetu á Akureyri, og felst kostnaðurinn í flugi og akstri.

Keypt var sjálfsvarnarnámskeið fyrir þá starfsmenn sem störfuðu með viðkomandi einstaklingi.

Í öðrum kostnaði felst ýmiss annar kostnaður s.s. akstur, símakostnaður, öryggishnappar, tölvu- og skrifstofubúnaður.

Ljóst er að frá janúar 2017 mun launakostnaður aukast vegna fjölgunar starfsmanna, lengri vakta og næturvaktir hefjast fljótlega.

Taka ber fram að alltaf þarf að gera ráð fyrir 2 starfsmönnum á vakt, í viðtölum o.s.frv. Þar sem viðkomandi einstaklingur er metinn hættulegur sjálfum sér og öðrum.

Útreikningur á viðbótarkostnaði vegna öryggisvistunar 2016

Um er að ræða 2 einstaklinga, sem Reykjavíkurborg hefur veitt þjónustu í sértækri búsetu á árinu 2016 í öryggisvistun. Þessir einstaklingar bera auðkennisnúmerin, 9797 og 6412

Við útreikning á viðbótarkostnaði er lagt til grundvallar

- Grunnþjónusta fjöldi tímar á ári 1.365 tímar á 3.610 kr/klst sem miðast við jafnaðartaxta NPA samninga
- Kostnaður við þjónustu á grundvelli laga um málefni fatlaðs fólks skv. SIS mati
- Raunveruleg þjónusta skv. mönnunarmódeli
- Viðbótarkostnaður vegna öryggisvistunar er c á frádrögnum b og a

Auðkennisnr		9797
	a)	4.927.650
	b)	11.000.000
10.348 klst	c)	<u>37.356.280</u>
	Öryggisvistun	<u>21.428.630</u>
Auðkennisnúmer		6412
	a)	4.927.650
	b)	11.700.000
7.280 klst	c)	<u>26.280.800</u>
	Öryggisvistun	<u>9.653.150</u>
Viðbótarkostnaður alls v/öryggisvistunar		31.081.780

Vegna rýmkunardóma 2016

Um er að ræða 2 einstaklinga í sólarhringsþjónustu í búsetukjörnum fyrir geðfatlaða og nemur kostnaður vegna hvors fyrir sig 10 m.kr. **Alls 20 m.kr.**

██████████ búsetukjarni ██████████

██████████ búsetukjarni ██████████

Samtals vegna viðbótarkostnaðar og rýmkunardóma kr. 51.081.780.-

Öryggisgæsla og öryggisráðstafanir
á Íslandi

Lokaskýrsla starfshóps

Júní 2016



VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

Öryggisgæsla og öryggisvistanir á Íslandi – lokaskýrsla og tillögur um
framtiðarfyrikomulag

Júní 2016

Útgefandi: Velferðarráðuneytið
Hafnarhúsinu við Tryggvagötu
101 Reykjavík
Sími: 545 8100
Bréfasími: 551 9165
Netfang: postur@vel.is
Veffang: velferðarraduneyti.is

Umbrot og textavinnsla: Velferðarráðuneytið

© 2016 Velferðarráðuneytið

ISBN 978-9935-477-08-8

Efnisyfirlit

1 Inngangur	4
2 Skilgreiningar á lykilhugtökum	6
3 Helstu ákvæði laga og reglugerða	7
4 Skilgreining markhóps	8
5 Kortlagning	11
6 Greining á bráðapörf fyrir úrræði	13
7 Kostnaður við þjónustu til skemmri tíma	14
8 Samantekt og næstu skref	16

1 Inngangur

Félags- og húsnæðismálaráðherra skipaði 22. júní 2015 samvinnuhóp um sérstaka öryggisvistun fyrir tilgreinda hópa.

Markmið hópsins samkvæmt erindisbréfi var að tryggja að þjónusta og skipulag samstarfs ríkis og sveitarfélaga við einstaklinga sem þurfa á öryggisvistun/öryggisgæslu að halda verði í samræmi við lög, alþjóðlegar mannréttindaskuldbindingar og alþjóðlega viðurkennd gæðaviðmið.

Markmiðunum yrði náð með því:

- að stofna til samvinnuhóps um rekstur og skipan öryggisúrræða fyrir nánar tilgreinda hópa,
- að velferðarráðuneytið (VEL) móti í samvinnu við innanríkisráðuneytið (IRR) og aðra hagsmunaaðila skýra stefnu og verklag til næstu fimm ára um framkvæmd öryggisúrræða fyrir sérstaka tilgreinda hópa til að tryggja að þeir einstaklingar sem eru í brýnni þörf fyrir öryggisúrræði fái úrlausn í samræmi við þjónustubörf eins fljótt og verða má.

Samvinnuhópurinn var þannig skipaður:

Þór G. Þórarinsson, án tilnefningar, formaður,
Bryndís Gunnlaugsdóttir, tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga,
Leifur Bárðarson, án tilnefningar,
Rún Knútsdóttir, án tilnefningar,
Skúli Þór Gunnsteinsson, tilnefndur af innanríkisráðuneytinu,
Soffía Lárusdóttir, tilnefnd af Akureyrarbæ,
Stefán Eiríksson, tilnefndur af Reykjavíkurborg.

Skipan hópsins hefur tekið þeim breytingum meðan á vinnunni stóð að Róbert Ragnarsson kom í stað Bryndísar Gunnlaugsdóttur, Elsa Friðfinnsdóttir kom í stað Sveins Magnússonar sem starfaði um tíma í stað Leifs Bárðarsonar og Aðalbjörg Traustadóttir í kom stað Stefáns Eiríkssonar. Laufey Þórðardóttir kom í stað Soffíu Lárusdóttur í maí sl.

Samvinnuhópurinn kom fyrst saman 6. júlí 2015 og hefur síðan haldið 17 formlega fundi auk fjölda minni formlegra og óformlegra funda og heimsóknna til staða sem tengjast verkefnum. Á fyrsta fundi voru kynntar tillögur um verklag varðandi starf hópsins. Í fyrsta lagi yrði ráðist í stefnumótun þar sem núverandi úrræði yrðu kortlögð, þau greind og kostir metnir. Þá yrðu sett meginmarkmið á grundvelli skýrrar hugmyndafræði, skilgreind undirmarkmið og aðgerðir. Verktími þessa verkhluta yrði 6. júlí 2015 til 1. júlí 2016. Í öðru lagi yrði unnið að úrlausn vanda þeirra sem þurfa á bráðaþjónustu að halda. Gert yrði ráð fyrir fyrstu tillögum um miðjan desember 2015. Í þriðja lagi yrði gert ráð fyrir því að hópurinn myndi móta fyrirkomulag samstarfssamnings um skipan þjónustunnar fyrir tilgreinda hópa. Slíkir samstarfssamningar lögju fyrir í maí/júní 2016. Hópurinn samþykkti að vinna að verkefnum með fyrrgreind markmið/áætlun að leiðarljósi. Við verkefnavinnuna var talið nauðsynlegt að hafa ríkt samráð við fjölda fagmanna þvert á stofnanir. Jafnframt var upplýst að stjórn Landspítalans (LSH) hafi lýst sig reiðubúna til þess að leggja allt það af mörkum sem talið var nauðsynlegt til að tryggja framvindu verkefnisins. Hópurinn gerði sér jafnframt grein fyrir því að verkefnið væri flókið og mörg álitamál gætu komið upp sem valdið gætu því að vinnan tæki lengri tíma.

Á starfstíma sínum hefur samvinnuhópurinn nokkurn vegin náð að vinna eftir þeirri áætlun sem hann setti sér í upphafi vinnunnar. Samstarfið innan hópsins hefur verið með ágætum og

er það mat nefndarmanna að auk þeirrar vinnu sem unnin hefur verið og birtist í þessari lokaskýrslu og þeim viðaukum sem henni fylgja hafi tekist að formgera samstarf stofnana ríkis og sveitarfélaga sem muni leiða til árangursríkara samstarfs þessara aðila þegar til framtíðar er litið. Vinna starfshópsins varð reyndar víðtækara en stefnt var að í upphafi því að hópurinn tók þá ákvörðun að fjalla sérstaklega um stöðu þeirra sem hafa fengið rýmkunardóma því ekki hafa verið til staðar lausnir fyrir þann hóp. Ástæða þess að hópurinn tók ákvörðun um að leita leiða til þess að finna úrlausn fyrir þennan hóp var sú að mál þessara einstaklinga eru samofin og þurfa jafnvel að einhverju leyti svipaða úrvinnslu og mál þeirra sem þurfa á öryggisvistun að halda. Starfshópurinn hefur á starfstíma sínum unnið að gerð þessarar lokaskýrslu sem að hluta til byggist á tveimur áfangaskýrslum, tillöguskjali um verklag, stefnuskjali og verkáætlun um hvernig hægt verði að vinna málefnum þeirra sem þurfa öryggisvistun með þeim hætti að þjónustan verði ekki síðri en gerist í nágrannalöndunum.

Fyrir liggur að vandi þeirra sem þurfa á öryggisvistun að halda er mikill og hefur hann verið að aukast á undanförunum árum. Í ljósi þess og með breytingum á löggjöf sem og aðkomu Íslands að alþjóðlegum mannréttindasamningum auk aukinnar almennar meðvitundar í samfélaginu um stöðu markhópsins er tímabært að horft sé með heildstæðum hætti á stöðu hans og tillögur mótaðar til framtíðar.

Uppbygging þessarar lokaskýrslu um stöðu og tillögur um hvernig hægt sé að bregðast við vanda þeirra sem þurfa á öryggisvistun að halda er þannig að fyrst eru skilgreind lykilhugtök sem notuð hafa verið í umræðunni. Þá er gerð grein fyrir þeim lögum og reglugerðum sem almennt eru notuð í umfjölluninni. Því næst er sett fram lýsing á þeim hópum sem starfshópurinn fjallaði sérstaklega um og hvernig þeir greinast á undirhópa. Þá er gerð tillaga að skipulagi um framkvæmd öryggisvistunar fyrir markhópana og loks er gerð grein fyrir kostnaði við þjónustuna og verkefnunum forgangsraðað í tímaröð.

2 Skilgreining á lykilhugtökum

Hér á eftir er gerð grein fyrir helstu hugtökum sem notuð eru í skýrslunni. Sum þessara hugtaka eru ekki öllum ljós en að mati starfshópsins er nauðsynlegt að þeir sem fjalla um þessi mál átti sig á því hvaða hugtök eru lögð til grundvallar í umræðunni. Það er jafnframt ljóst að hugtakanotkunin getur eðli máls samkvæmt tengst víðar inn í umfjöllun um almenna og sértæka félagsþjónustu auk heilbrigðisþjónustu svo eitthvað sé nefnt.

a. *Öryggisgæsla*: Réttarvörsluúrræði fólgið í hælsvistun þeirra sem sýknaðir eru af refsikröfu vegna sakhæfisskorts skv. 15. gr. hegningarlaga sem og þeirra sem talið er í dómi árangurslaust sé að refsa skv. 16. gr. hegningarlaga, enda vistunin talin nauðsynleg af réttaröryggisástæðum, sbr. 62. gr. hegningarlaga.

b. *Öryggisvistun*: Er ein tegund öryggisráðstöfunar sem felst í vistun á sérútbúnu heimili á vegum sveitarfélags með mismunandi háu öryggisstigi þar sem gert er ráð fyrir að einstaklingar vistist ýmist tímabundið eða ótímabundið.

c. *Grunnmat*: Kortlagning og greining fyrstu upplýsinga um stöðu einstaklings.

d. *Ítarmat*: Mat á stuðningsþörf (e. Support Intensity Scale (SIS)) eða annað sambærilegt mat.

e. *Áhættumat á skilgreindum þörfum*: Áhættumat (HCR20) sem hefur forspárgildi um hættu á ofbeldi í framtíðinni.

f. *Rýmkunardómur*: Dómur þar sem kveðið er á um lausn undan öryggisgæslu skv. 62. gr. almennra hegningarlaga, annað hvort í þrepum eða að fullu.

g. *Teymi fagfólks*: Samstilltur hópur sérfræðinga með þekkingu á þörfum fullorðins fatlaðs fólks sem metur stuðningsþörf þess með heildstæðum hætti. Hópurinn er stofnaður þegar beiðni frá ábyrgðaraðila um ítarmat kemur fram.

h. *Einstaklingsbundin þjónustuáætlun*: Áætlun um framkvæmd fjölþættrar þjónustu þar sem tiltekin eru markmið áætlunarinnar og leiðir, hverjir séu samstarfsaðilar og hverjir beri ábyrgð á að koma áætluninni í framkvæmd.

3 Helstu ákvæði laga og reglugerða

Hérlendis er ekki að finna sérstaka löggjöf sem nær yfir svokölluð öryggisvistunar- eða öryggisgæsluúrræði. Þau ákvæði sem hefur verið stuðst við til þessa eru annars vegar ákvæði VII. kafla hegningarlaga, nr. 19/1940, og hins vegar ákvæði V. kafla laga um réttindagæslu fyrir fatlað fólk, nr. 88/2011.

Í 62. gr. almennra hegningarlaga er að finna heimild til að ákveða í dómi ráðstafanir í þágu réttaröryggis til að ekki stafi háski af manni sem hefur verið sýknaður á grundvelli ósakhæfis eða þegar talið er að refsing beri ekki árangur. Verði ekki séð að vægari ráðstafanir, svo sem trygging, bann við dvöl á ákveðnum stöðum eða svipting lögræðis, komi að notum má ákveða að honum sé komið fyrir á viðeigandi hæli. Er þetta ákvæði það sem oftast er vísað til þegar einstaklingur er dæmdur til vistunar á réttargeðdeild eða í viðeigandi úrræði hjá sveitarfélagi vegna fötlunar. Til að hægt sé að beita þessu ákvæði þarf þó viðkomandi að teljast ósakhæfur skv. 15. gr. sömu laga eða svo ástatt um hann vegna fötlunar, geðsjúkdóms eða annarra ástæðna að talið sé að refsing beri ekki árangur, sbr. 16. gr. Þannig verður heimild þessari ekki beitt gagnvart þeim sem teljast sakhæfir. Í 67. gr. hegningarlaga er þó að finna heimild til að ákveða í refsimáli eða í sérstöku máli að einstaklingur sem hefur verið dæmdur í fangelsi skuli sæta tilteknum öryggisráðstöfunum að afplánun lokinni. Er það bundið því skilyrði að sennilegt verði að telja, af því hvernig glæp hans og andlegu ástandi var háttað sem og af undanfarandi breytni hans, að miklar líkur séu á ítrekun brots og að hann sé hættulegur umhverfi sínu. Þessari heimild hefur þó lítið sem ekkert verið beitt.

Varðandi þá einstaklinga sem ekki hafa hlotið dóma en teljast hættulegir umhverfi sínu eru lagaheimildir frekar af skorum skammti. Í lögum um réttindagæslu fyrir fatlað fólk er kveðið á um aðgerðir til að draga úr nauðung; þar kemur fram í 1. tölul. 1. mgr. 12. gr. að heimilt sé að veita undanþágu frá banni gegn beitingu nauðungar til að koma í veg fyrir að fatlaður einstaklingur valdi sjálfum sér eða öðrum líkamstjóni eða stórfelldu eignatjóni. Eigi það einnig við um fyrirbyggjandi aðgerðir sem ætlað sé að forða því að aðstæður komi upp sem leitt geti til líkamstjóns eða stórfellds eignatjóns. Þannig mætti á grundvelli þessarar heimildar meðal annars læsa einstakling inni, beita hann fjarvöktun og fleiru sem nauðsynlegt teldist til að forða tjóni. Hefur þessari heimild í einhverjum mæli verið beitt varðandi fatlaða einstaklinga sem búa í sérstöku húsnæðisúrræði sökum fötlunar sinnar.

Þegar ákvæðum framangreindra laga sleppir er ekki að finna nánari ákvæði um hvernig öryggisvistun skuli háttað. Er það mat hópsins að æskilegt sé að sett verði ítarlegri löggjöf sem fjalli um inntak vistunarinnar, réttindi þeirra sem henni sæta og fleiri atriði sem varða hana, ekki ólíkt því sem gert hefur verið með lögum um fullnustu refsingar. Nánar formuð tillaga kemur fram í tillögukafla skýrslunnar.

4 Skilgreining markhóps

Á fyrsta fundi samvinnuhópsins voru kynnt drög að flokkun þeirra sem talið er að þurfi á öryggisvistun að halda til lengri eða skemmri tíma. Um er að ræða þrjá hópa sem síðan deilast upp í undirhópa. Hóparnir eru:

1. Fangar sem eru sakhæfir en eru geðfatlaðir og vistast í fangelsum.

Þar liggja fyrir tillögur í minnisblaði frá Sigurði Páli Pálssyni og Guðmundi Sævari Sævarssyni, í samráði við Pál Matthíasson og Skúla Þór Gunnsteinsson, sem sent var innanríkisráðuneytinu og velferðarráðuneytinu í október árið 2013. Þar er lagt til að skipuð verði nefnd til þess að gera úttekt á geðheilbrigðismálum fanga. Þar er jafnframt lagt til að byggður verði öryggisíbúðakjarni fyrir sakhæfa fanga sem taldir eru of veikir til að dvelja meðal almennra fanga.

Þessi hópur er í raun á forræði fangelsismálayfirvalda með aðkomu geðdeilda LSH meðan þeir eru í afplánun.

2. Hópur einstaklinga sem dæmdir eru ósakhæfir og þurfa öryggisgæslu.

- a. Þeir sem fá þjónustu hjá réttargeðdeildinni eru fyrst og fremst einstaklingar sem eru geðfatlaðir. Þeirra mál eru í farvegi enda eru þeir dæmdir til dvalar á réttargeðdeildinni séu þeir metnir ósakhæfir. Undanfarin misseri hafa þó sumir þeirra sem dæmdir hafa verið ósakhæfir fengið rýmkunardóma þar sem dregið er úr vægi þeirrar heilbrigðisþjónustu sem veitt er.

Í þeim tilvikum þegar dvöl á réttargeðdeild lýkur er þó ljóst að sumir þeirra einstaklinga þurfa áfram sérhæfða þjónustu og/eða stuðning frá félags- og heilbrigðisþjónustu til að geta búið á eigin heimili, þ.e. jafnvel umfram þann stuðning sem veittur er sem grunnþjónusta eða sértæk þjónusta sveitarfélags.

- b. Fatlaðir einstaklingar sem hafa gerst sekir um ýmiss konar hegningarlagabrot, yfirleitt ofbeldis- eða kynferðisbrot, en vegna þroskaskerðingar þeirra taldar miklar líkur á ítrekun brota en að refsing muni ekki bera árangur. Þessir einstaklingar geta verið mjög hættulegir sjálfum sér og/eða öðrum. Þessir einstaklingar hafa sumir verið dæmdir til vistunar á viðeigandi stofnun skv. 62. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Þeir þurfa fyrst og fremst sérhæfða þjónustu í samræmi við fötlun sína auk öryggisvistunar til að tryggja að þeir brjóti ekki af sér aftur. Nokkur einstaklingsbundin úrræði hafa verið útbúin eftir að viðkomandi hefur brotið alvarlega af sér. Þegar dómur fellur hljómar hann yfirleitt á þann veg að viðkomandi skuli vistast á viðeigandi stofnun eða hæli. Allt formlegt verklag og skilgreiningu vantar í kringum slík úrræði auk þess sem fjármögnun þeirra hefur ekki legið fyrir.

3. Hópur sakhæfra einstaklinga með langvarandi og víðtæka hegðunarröskun.

- a. Einstaklingar með síendurtekna hættulega hegðun og sem teljast hættulegir samfélaginu (fái þeir að ganga lausir) að lokinni afplánun. Þessir einstaklingar eru ekki endilega með geðraskanir og falla því hvorki undir ábyrgðarsvið fangelsa ríkisins né geðdeilda Landspítalans þar sem þeir hafa í sumum tilvikum lokið dómi og geðmeðferð er ekki talin gagnast þeim.

Samkvæmt 67. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, er hægt að ákveða í refsidómi eða síðar í sérstöku dómsmáli að láta mann, sem dæmdur hefur verið í fangelsi, sæta öryggisráðstöfunum skv. 66. gr. sömu laga að afplánun lokinni vegna hættu á að hann fremji frekari afbrot eða sé samfélaginu hættulegur. Slíkar öryggisráðstafanir hafa ekki verið fyrir hendi og hefur þessari heimild því lítið sem ekkert verið beitt. Þetta er sá hópur sem þarfnast sérstakrar þjónustu eins og staðan er í dag. Velferðarráðuneytið eða stofnanir þess hafa ekki lagaheimildir til þess að hefta frelsi þessara einstaklinga eftir að þeir ljúka afplánun hafi þeir ekki verið dæmdir til að sæta öryggisráðstöfunum. Í einhverjum tilvikum gætu ákvæði lögræðisлага, um sjálfræðissviptingu og í kjölfarið vistun á viðeigandi stofnun samkvæmt ákvörðun læknis og lögræðismanns, átt við. Allt formlegt og lagalegt verklag og skilgreiningar vantar fyrir slík úrræði.

b. Hópur fatlaðra einstaklinga með langvarandi og viðtæka hegðunarröskun.

Hópurinn sem hér um ræðir hefur þörf fyrir úrræði sem bæði félags- og heilbrigðisþjónustan bjóða upp á. Auk þess þarf að tryggja að öryggisráðstafanir séu með fullnægjandi hætti. Mikilvægt er því að úrræðið hafi faglega og fjárhagslega burði til þess að sinna við þeirri þjónustuþörf sem upp getur komið. Einstaklingar í þessum hópi eru oft með alvarlega hegðunarröskun í tengslum við vímuefnanotkun, hafa mismikla þroskahömlun og þörf fyrir mikla þjónustu í langan tíma. Oft getur einnig verið um að ræða undirliggjandi persónuleikaröskun og/eða erfiðleika í félagslegum tengslum. Einhverfa, ADHD, kvíði og depurð sjást oft hjá einstaklingum í þessum hópi og stundum alvarlegri geðsjúkdómar þótt ekki sé það alltaf tilfellið. Þeir eiga í erfiðleikum með að hugsa um sjálfa sig, bæði andlega og líkamlega, einangra sig og vilja ekki tengsl, hafna samstarfi og nauðsynlegri meðferð og sýna ógnandi atferli.

Að þessum einstaklingum standa oft brotnar og illa staddar fjölskyldur sem ekki geta hjálpað viðkomandi þrátt fyrir verulegan utanaðkomandi stuðning. Eiga sér lítið bakland. Þjónustan þarf því í ljósi þess sem að framan greinir að vera afar sérhæfð, fjölfagleg og ganga þvert á þjónustukerfið.

Einnig þykir rétt í þessu sambandi að vekja athygli á því að börn, bæði sakhæf og ósakhæf (sakhæfi er 15 ár), geta tilheyrt þessum hópi eftir atvikum hverju sinni.

Hópar 3a og 3b eru með það mikla þjónustuþörf að gera má ráð fyrir því að þeir sem tilheyra þessum hópum þurfi afar flókna og sértæka þjónustu. Slík þjónusta kallar á meira fjármagn en reglur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga segja til um. Því er gert ráð fyrir sérstakri aðkomu ríkisvaldsins til að tryggja nauðsynlega fjármögnun, sérfræðipekkingu og samræmingu.

Á grundvelli þess sem að framan greinir og þess sem kemur fram í skipunarbréfi mun samvinnuhópurinn fjalla um stöðu einstaklinga í fyrrgreindum hópum með eftirfarandi hætti:

Í hópi 1 eru eins og að framan greinir geðfatlaðir fangar sem vistast í fangelsum. Innanríkisráðuneytið hefur í samvinnu við heilbrigðishluta velferðarráðuneytisins og fleiri hafið vinnu við að leita varanlegra lausna um hvernig best skuli brugðist við vanda þessa hóps. Það er því mat samvinnuhópsins að það sé ekki á verksviði hans að ræða sérstaklega vanda hópsins. Tengiliður heilbrigðishluta velferðarráðuneytisins í starfi samvinnuhópsins er tengiliður við það starf til að tryggja nauðsynlegt samræmi. Þess ber að geta í þessu samhengi að nú liggur fyrir geðheilbrigðisstefna ásamt aðgerðaáætlun þar sem gert er ráð fyrir að samþætting þjónustu ríkis og sveitarfélaga verði bundin í lög. Þessar áherslur telur samvinnuhópurinn að falli að þeim hugmyndum sem hann hefur haft um verklag varðandi

þjónustu við þann hóp sem hér er umfjöllunarefni. Samvinnuhópurinn telur því að það sé ekki sitt hlutverk að hlutast til um úrræði fyrir þennan hóp.

Í hópi 2a eru eins og að framan greinir einstaklingar sem dæmdir eru ósakhæfir og njóta fullnægjandi þjónustu réttargeðdeildar Landspítalans.

Það er mat samvinnuhópsins að þeir einstaklingar sem eru ósakhæfir njóti nú fullnægjandi þjónustu á réttargeðdeildinni. Það er samt sem áður nauðsynlegt að tryggja að þessi hópur eigi möguleika á að öðrum úrræðum eftir að rýmkuardómar hafa fallið. Hópurinn gerir því ráð fyrir því í sínum áætlunum að slík úrræði verði til staðar.

Það er mat samvinnuhópsins að það verði meginviðfangsefni hans að gera tillögur um að tryggð sé ábyrg og skilvirk þjónustu við þá einstaklinga sem hér að framan hafa verið skilgreindir í hópum 2b, 3a og 3b. Þetta eru einstaklingar sem búa við fötlun og hafa gerst sekir um hegningalagabrot en vegna þroskaskerðingar ekki talið líklegt að refsing beri árangur (2b). Einstaklingar sem eru sakhæfir og eru með langvarandi og víðtæka hegðunarröskun (3a) og hópur fatlaðra einstaklinga með langvarandi og víðtæka hegðunarröskun (3b).

5 Kortlagning

Á grundvelli þeirra viðmiða sem skilgreind eru hér að framan hefur samvinnuhópurinn aflað sér upplýsinga hjá þjónustuvæðum/sveitarfélögum sem starfrækja sértæka félagsþjónustu og geðsviði LSH. Við þessa skoðun hefur komið í ljós að á Íslandi er um 20 einstaklingar sem gætu fallið undir viðmiðin. Þess ber þó að geta að sérhæfð greining á t.d. áhættuhegðun hefur ekki verið framkvæmd á öllum þessum einstaklingum þannig að ekki er ennþá vitað með vissu hver raunveruleg stuðningsþörf er.

Samvinnuhópurinn tók þá ákvörðun í byrjun að meta þyrfti vanda þessa hóps og hvernig lausnum yrði háttað til lengri og skemmri tíma. Einnig er rétt að taka það fram að vandi einstaklinga getur verið mismunandi frá einum tíma til annars. Loks þarf alltaf að vera til staðar möguleiki á því að bregðast við vanda sem gæti komið upp með mjög skömmum fyrirvara.

Samvinnuhópurinn hefur í samvinnu við fyrrnefnda aðila komist að þeirri niðurstöðu að staða 10 einstaklinga sé nú með þeim hætti að fjórir einstaklingar úr þessum hópi þurfi að fá þjónustu við hæfi á næstu sex til átta mánuðum. Ástæða þeirrar forgangs röðunar byggist á því mati sérhæfðra fagmanna að staða þessara einstaklinga sé svo alvarleg að þeir gætu valdið sér og öðrum óbætanlegum skaða ef ekki verður tryggð þjónusta við hæfi. Sumir þessara einstaklinga hafa að undanförunni verið að fá þjónustu að hluta en aðrir ekki.

Samvinnuhópurinn deilir þessum 10 einstaklingum í fyrrgreinda viðmiðunarflokka. Hópurinn telur þó ekki með þá einstaklinga sem taldir eru tilheyra hópi 1 þar sem vinna við að meta stuðningsþörf þeirra sem honum tilheyra er nú í gangi á vettvangi sérstakrar nefndar á vegum heilbrigðisráðherra. Hópurinn horfir þá sérstaklega til hópa og 2 og 3 og undirflokka þeirra. Einstaklingarnir deilast í hópa og undirhópa með eftirfarandi hætti:

Alls eru tíu einstaklingar tilheyrandi fyrrgreindum hópum

Fyrirvari er um skipan einstaklinganna í flokka þar sem þeir sem veittu upplýsingarnar gátu haft mismunandi skoðun á stöðu þeirra og í hvaða hóp þeir væru skilgreindir. Þess má einnig geta að samvinnuhópurinn hefur ekki skoðað sérstaklega stöðu þeirra einstaklinga sem gætu fallið undir skilgreiningar fyrrgreindra hópa eða búa á þjónustuvæðum eða í sveitarfélögum utan þeirra sem tíu sem fjallað er um í þessari skýrslu.

Hvaða aldri skal þjónað?

Við kortlagningu og greiningu á vanda þeirra sem hér er fjallað um ber að geta að velferðarráðuneytið lét á árunum 2012–2013 vinna úttekt á vegum nefndar félags- og húsnæðismálaráðherra um stöðu barna með mikla umönnunar- og stuðningsþörf vegna fjölþætts vanda. Í vinnu samvinnuhópsins var horft til tillagna nefndarinnar og þá sérstaklega til þess hóps sem er 15 ára og eldri.

Samstarf heilbrigðis- og félagsþjónustu

Í vinnu samvinnuhópsins, eins og vísað er til í formála, er forsenda þess að markmið hans náist sú að allar fagstéttir og stofnanir, hvort sem um er að ræða innan félags- eða heilbrigðisþjónustu, vinni saman á grundvelli vel skilgreindra verklagsreglna. Allir verða að vera tilbúnir að leggja fram aðstoð og stuðning þegar sérstakar aðstæður koma upp. Lykilþáttur slíkrar samvinnu er að traust ríki á milli aðila og að einhugur sé um þau markmið sem stefnt er að. Slíkt traust verður ekki til á einni nóttu. Samvinnuhópurinn leggur því ríka áherslu á að sérfræðingar og stofnanir vinni af ábyrgð og heilindum svo leysa megi þau stóru verkefni sem við blasa ef veita þessum hópum þjónustu. Áhersla verður að vera á heildstæðar greiningar, teymisvinnu og gerð markvissra þjónustuáætlana.

6 Verklag við greiningu á bráðapörf fyrir úrræði

Á grundvelli rýnivinnu samvinnuhópsins og bakhópa, á þeim 20 manna hópi sem talinn er hafa sérstaka þörf fyrir öryggisþjónustu á heimili sínu, er talið að sjö einstaklingar séu í þörf fyrir tafarlausa úrlausn. Með tafarlausri úrlausn er átt við að innan fjögurra til sex mánaða þurfi að liggja fyrir ákvörðun um úrræði sem gæti veitt þá aðstoð sem nauðsynleg er. Unnar hafa verið tillögur að verklýsingu um verklag við kortlagningu og greiningu á þörfum þessa hóps og hvernig ábyrgð á samvinnu þeirra aðila sem hagsmuna hafa að gæta skuli háttað. Í þeim drögum er rík áhersla á að fyrir liggji skýr verkaskipting milli aðila þannig að framvinda þjónustu milli stjórnsýslustiga geti orðið án hnökra.

Samvinnuhópurinn hefur unnið tillögu að lýsingu á verklagi sem æskilegt er að notað sé við greiningu á þörf fyrir þjónustu (nákvæma lýsingu er að finna í sérstöku skjali um efnið). Þetta verklag er talið veita nokkurt öryggi við greiningu á þörfum þess hóps sem talinn er hafa þörf fyrir sérstaka öryggisþjónustu. Eitt meginmarkmiða verklagsins er að tryggja þverfaglega aðkomu að þjónustu við þennan hóp (svo sem heilbrigðis- og félagsþjónustu) og að byggt verði upp traust milli aðila hvar sem er í ferlinu svo að þeir geti leitað til annarra eftir aðstoð þegar þörf er talin á. Þetta verklag geti síðan tryggt að þjónustan verði eins örugg og innihaldsrík og nokkur kostur er.

Verklag við mat á þörf fyrir öryggisþjónustu (Kaflanúmer vísa til verklagsskýrslu samvinnuhópsins).



- Grunnmat
- Grunnmat félagsþjónustu sveitarfélags á stuðningsþörf. (sjá 4.2 og 4.3)
- Ítarmat
- Ítarmat sérstaks teymis á stuðningsþörf (sjá 4.2)
- Áhættumat á skilgreindum þörfum.
- Áhættumat á skilgreindum þörfum (sjá 4.5)

Fyrsta skrefið er að félagsþjónusta þess sveitarfélags þar sem viðkomandi á lögheimili taki saman heildstæðar upplýsingar um stöðu þeirra einstaklinga sem taldir eru í þörf fyrir aðstoð. Sé það mat viðkomandi sveitarfélags að einstaklingur þurfi á frekari þjónustu að halda er unnið svokallað ítarmat sem er nákvæmt mat á stöðu einstaklingsins.

Sé það mat þeirra sem framkvæma ítarmatið (SIS) að einstaklingurinn geti verið hættulegur sjálfum sér og/eða öðrum þá er gert ráð fyrir því að unnið sé áhættumat (HCR20) sem hefur forspárgildi um hættu á ofbeldi í framtíðinni. Samvinnuhópurinn kynnti sér fleiri matsaðferðir sem notaðar eru við slíkar greiningar en telur að brýnt sé að þessi mót sem hér hafa verið nefnd verði notuð og til að tryggja þjónustu við hæfi. Allir þeir einstaklingar sem hér eru til umfjöllunar hafa verið metnir m.t.t. þeirra atriða sem lýst er að framan. Þegar staða einstaklinganna er metin til stiga kemur í ljós að allir eru metnir í hæsta fjórðung áhættu. **Það þýðir að mikil hættu er talin á ofbeldi í framtíðinni.**

Stuðningsþörf þessa hóps er svo mikil að gera má ráð fyrir svipaðri mönnum og gert er á réttargeðdeild Landspítalans eða samsvarandi úrræði. Til þess að reyna að tryggja að starfsfólk eða aðrir verði ekki fyrir skaða þá er gert ráð fyrir stöðugri viðveru tveggja starfsmanna á hvern einstakling og að til viðbótar sé hægt að kalla til liðstyrk ef á þarf að halda.

7 Kostnaður við þjónustu

Eins og að framan greinir er gert ráð fyrir því að hver og einn þeirra **sjö einstaklinga** sem taldir eru í mestri þörf þurfi a.m.k. tvo starfsmenn á vökutíma og aðgengi verði að fleirum til að veita aðstoð ef á þarf að halda. Gerð er tillaga um að þjónustan haldi áfram á Akureyri við **þá þrjá aðila sem nú búa á Norðurlandi**. Það þarf því ekki að útvega þeim nýtt húsnæði.

Af þessum sjö eru tveir í sólarhringsþjónustu í húsnæði á vegum Reykjavíkurborgar og einn er í þjónustu á geðsviði (öryggisgeðdeild) LSH og einn er í þjónustu á (réttargeðdeild) LSH. Sá fimmti er nú vistaður í fangelsi en unnið er að sérstöku úrræði í samvinnu Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar og Fangelsismálastofnunar. Þá eru tveir einstaklingar vistaðir í sólarhringsþjónustu á vegum einkaaðila.

Tillaga samvinnuhópsins miðar að því að byggja upp rými fyrir til sjö einstaklinga á höfuðborgarsvæðinu fyrir árið 2018 þar sem áður nefndir einstaklingar fengu þjónustu. Tímaáætlunin gerir ráð fyrir að fyrsti einstaklingurinn geti fengið úrræði í september n.k. og síðar verði öðrum einstaklingi boðið úrræði í byrjun október n.k. Þeim þriðja og fjórða verði boðið úrræði í lok árs 2016. Tveir fái úrræði í byrjun árs 2017 og einn fái úrræði í byrjun árs 2018.

Reykjavíkurborg hefur boðið fram lóð í borginni sem talin er ákjósanleg fyrir starfsemi fyrir sjö einstaklinga í öryggisíbúðum. Talið er að það muni taka þrjú ár að koma upp þeirri byggingu.

Leita þarf bráðabirgðalausna fyrir hópinn og verður sú vinna unnin í samstarfi við Reykjavíkurborg og geðsvið Landspítalans.

Kostnaður við þjónustu við þá einstaklinga sem eru 18 ára og eldri skiptist á þrjá aðila þ.e. lögheimilissveitarfélag viðkomandi einstaklings, Jöfnunarsjóð sveitarfélaganna og á ríkið þar sem um er að ræða sérstakt framlag vegna öryggisgæslu og/eða öryggisvistunar.

Áætlaður kostnaður við öryggisgæslu og/eða öryggisvistun á árinu 2016.

Hér á eftir er gerð grein fyrir þeim viðbótarkostnaði sem fellur til á árinu 2016 vegna öryggisgæslu og/eða öryggisvistunar og er að mati samvinnuhópsins á ábyrgð ríkisins. Kostnaðurinn er skilgreindur á grundvelli þeirrar áætlunar sem áður hefur verið kynnt í þessari skýrslu.

Gert er ráð fyrir því að öryggisgæslan og/eða öryggisvistunarúrræðin verði starfrækt á ábyrgð ríkisins en hægt verði að semja við Reykjavíkurborg og Akureyrarbæ um rekstur tiltekinna þjónustuþátta (sjá nánari hugmyndir um útfærslu í verklagsskýrslu samvinnuhópsins).

a. Heildarkostnaður vegna þjónustu við þrjá einstaklinga á Norðurlandi sem nú þegar fá þar þjónustu er áætlaður um 219 m.kr. Kostnaðarhlutdeild ríkisins 2016 er áætlaður 188 m.kr. Þar af hafa þegar verið fjármagnaðar 137,5 m.kr. Viðbótarkostnaður ríkisins árið 2016 er áætlaður 50,5 m.kr.

b. Heildarkostnaður vegna þjónustu við þá tvo einstaklinga sem nú fá í þjónustu á vegum Reykjavíkurborgar er áætlaður 60 m.kr. á árinu 2016. Framlag ríkisins er áætlað 42 m.kr.

c. Heildarkostnaður við einn einstakling sem nú dvelur á öryggisgeðdeild og gert er ráð fyrir að flytji í öryggisvistun hjá Reykjavíkurborg er áætlaður 24 m.kr.

d. Kostnaður ríkisins vegna þeirra sem hafa fengið rýmkunardóma er áætlaður 35 m.kr. á árinu 2016.

e. Búsetukostnaður er áætlaður 2. m.kr.

Viðbótarrekstrarkostnaður ríkisins miðað við fyrirliggjandi tillögur á árinu 2016 er áætlaður 153,5 m.kr. Vakin er athygli á því að þegar hefur ríkið greitt 137,5 m.kr. sem gerir heildarkostnað fyrir árið 291 m.kr.

Til viðbótar fellur árið 2016 til einskiptiskostnaður vegna undirbúnings við uppbyggingu úrræða fyrir sex til einstaklinga í Reykjavík 100 m.kr., sérútbúnaður í íbúð á Akureyri upp á 3 m.kr. og skuld við Akureyrarbæ vegna vistunar eins einstaklings síðan 2013 að upphæð 130 m.kr. Loks er gert ráð fyrir kostnaði vegna öryggisbúnaðar að fjárhæð 12. m.kr. Einskiptiskostnaður á árinu 2016 er því áætlaður 245 m.kr.

Heildarkostnaður, rekstrarkostnaður og einskiptiskostnaður á árinu 2016 er áætlaður 536 m.kr. Til frádráttar kemur þegar samþykkt fjárhæð að upphæð 137,5 m.kr.

Alls er því áætluð viðbótarfjárförf á árinu 2016 að upphæð 398,5 m.kr.

Áætlaður kostnaður við öryggisgæslu og/eða öryggisvistun á árinu 2017.

a. Kostnaður vegna þjónustu við þá þrjá einstaklinga á Norðurlandi sem nú fá þar þjónustu er áætlaður um 188. m.kr m.kr.

b. Heildarkostnaður vegna þjónustu við tvo einstaklinga sem nú fá þjónustu á vegum Reykjavíkurborgar er áætlaður 70 m.kr. á árinu 2017. Framlag ríkisins er áætlað 45 m.kr.

c. Heildarkostnaður við einn einstakling sem nú dvelur á réttargeðdeild og gert er ráð fyrir að búi í bráðabirgðaúrræði á vegum Reykjavíkurborgar er áætlaður 65 m.kr.

d. Heildarkostnaður við einn einstakling sem nú dvelur á öryggisgeðdeild og gert er ráð fyrir að búi í bráðabirgðaúrræði á vegum Reykjavíkurborgar er áætlaður 65 m.kr.

e. Heildarkostnaður vegna rýmkunardóma fyrir fjóra einstaklinga er áætlaður 40 m.kr.

f. Umsýsla ríkisins vegna uppbyggingar úrræðis í Reykjavík og sérfræðiþjónustu vegna mats á áhættu og endurskoðun áætlaða varandi þjónustu við þá einstaklinga sem þurfa öryggisvistun og/eða öryggisgæslu er áætlaður 5. m.kr.

g. Búsetukostnaður er áætlaður 8 m.kr.

g. Einskiptiskostnaður til uppbyggingar úrræðis í Reykjavík er áætlaður 150 m.kr.

Heildarrekstrarkostnaður ríkisins og einskiptiskostnaður miðað við fyrirliggjandi tillögu á árinu 2017 er áætlaður 566 m. kr.

8 Samantekt og næstu skref

Með vísan til þess sem að framan greinir gerir samvinnuhópurinn tillögu um að strax verði ráðist í eftirfarandi aðgerðir:

1. Tryggð fjármögnun ríkisins til að veita fjórum einstaklingum þjónustu á grundvelli áætlunar samvinnuhópsins á árinu 2016. Einnig verði tryggð fjármögnun ríkisins vegna einskíptiskostnaðar á árinu 2016 við öryggisvistun og öryggisgæslu á grundvelli tillögu samvinnuhópsins. Heildarviðbótarfjárförf er áætluð 399, 5 m.kr.
2. Tryggt að í fjárlagatillögum fyrir árið 2017 verði gert ráð fyrir rekstrar og einskíptiskostnaði við öryggisvistun/öryggisgæslu að upphæð 566 m.kr.
3. Að á vorþingi 2017 verði lögð fram lagafrumvörp um breytingar á núgildandi lögum þar sem fram komi nýjar skilgreiningar á umgjörð og innihaldi þjónustu við þá sem dæmdir hafa verið til vistunar eða dvalar af ýmsu tagi.

Gert er ráð fyrir því að tillaga að stefnu stjórnvalda á sviði öryggisvistunar og/eða öryggisgæslu liggja fyrir í september n.k.

Tillaga um fyrirkomulag verklags og skipan þjónustu við fólk sem þarf öryggisvistun og/eða öryggisgæslu fylgir með þessari lokaskýrslu.

